

Tónlist út- varpsins

Páll Ísólfsson gat þess ein-
hverntíma í skemtilegu
og fyndnu erindi um brjef til
útvarpsins að einhver brjefrit-
ari hefði látið í ljós þá skoðun,
að aldrei mundi nokkur maður
hafa haft nokkra ánægju af að
hlusta á nokkurt það tónverk,
sem hjeti symfónía. Hefir mjer
virst svo sem viðhorf margra,
eða jafnvel flestra hlustenda
gagnvart flutningi útvarpsins
á æðri tónlist, muní vera nokk-
uð svipað því, sem lýsir sjer í
þessum orðum.

Flestir munu telja sjálfsagt,
að hlusta ekki þegar þeir heyra
að þeir eigi von á einhverju
sem heitir symfóní, sónata o. s.
frv. — Tel jeg þetta illi farið,
slík hugsvölun sem er að góðri
tónlist. Og jeg hygg að það
væri lafhægt að kenna íslensk-
um almenningi að meta hana,
ef aðeins rjett aðferð væri
höfð. En það er að láta ekki
heyra annað en það sem er
verulega gott, og lofa mönnum
að heyra það nógu oft. — Það
væri t. d. auðvelt að kenna
íuhlustendum að meta 5. sym-
fóníu Tsjaikowskys; 6. hljóm-
kviða sama tónskálds er ennþá
betri, en líklega þarf að heyra
hana oftár áður en menn hafa
hennar full not. Þá eru hnotu-
brjótsdansar þessa mikla snill-
ings með því allra besta sem
til er, (en plöturnar með svana-
vatnslögunum er óhætt að láta
hvíla sig). — Útvarpið á plöt-
ur eftir Haydn, Mendelssohn,
Schumann og fleiri ágæt tón-
skáld, sem altot lítið eru not-
aðar. Norrien tónlist verður
nokkuð útundan og þá ekki síst
Johan Svensen, sem mjer virð-
ist hafa verið jafnvel ennþá
meiri snillingur en Grieg. —
Jeg hefi verið að gæta að því
hvort jeg mundi síður tillögu-
fær í þessum einum af því að
jeg hefði e. t. v. mætur á því
sem öðrum þætti lítilsvert.
Mjer hefir virst þetta vera í
hinn veginn. Það sem mjer er
mest hugsvölun að heyra, reyn-
ist vanalega vera hin frægustu
verk hinna ágætustu tón-
skálda.

Helgi Pieturss.